



# Vinnuvélatrygging

Skilmáli nr. EE50

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EE50.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vinnuvélatrygging bætir allt tjón á vinnuvélinni nema annað sé tekið fram í skilmála eða skírteini.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Þegar þú kaupir vinnuvélatryggingu ertu að tryggja vinnuvélina fyrir tjóni. Þú sem eigandi vinnuvélarinnar ert tryggður.

## 1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir þá vinnuvél sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi vinnuvélar er tryggður.

## 3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir beint tjón á vinnuvélinni vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.
- 5.2 Skemmdir af sliti, göllum í smíði eða gerð, rangri samsetningu, broti eða annarri bilun í eða á vinnuvélinni.
- 5.3 Skemmdir á málningu eða rispur á húsi eða hlífum vinnuvélarinnar sem mega teljast eðlilegar vegna notkunar vinnuvélarinnar.
- 5.4 Brot eða skemmdir á ljóskerum eingöngu.
- 5.5 Skemmdir á rafmagnsleiðslum, mælum eða rafgeymum vegna skammhlaups sem ekki veldur eldsvoða.
- 5.6 Þjófnað á einstökum hlutum vinnuvélarinnar.
- 5.7 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Varúðarreglur

- 6.1 Stjórnandi hinnar tryggðu vinnuvélar skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að stjórna henni.
- 6.2 Stjórnandi vinnuvélarinnar skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun vinnuvélarinnar.
- 6.3 Vinnuvélin skal vera læst þegar enginn er í henni og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Tryggður skal viðhalda vinnuvél í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.5 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun vinnuvélarinnar.
- 6.6 Tryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun vinnuvélarinnar og sjá til þess að hún uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.7 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður vinnuvélar sé ávallt í lagi.
- 6.8 Tryggður skal gæta þess að ávallt sé nægjanlegur frostlögur í kælivatni vélarinnar.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggða að vita hverjar þær eru.



## 7. Háttsemi annarra

- 7.1 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og stjórnanda tryggðrar vinnuvélar.

## 8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Tryggingarfjárhæð ræðst af verðmæti vinnuvélarinnar. Verðmæti vinnuvélar er sú upphæð sem sambærileg vinnuvél að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 8.2 Tryggingarfjárhæð samkvæmt gr. 8.1 getur þó aldrei orðið hærri en sú tryggingarfjárhæð sem kemur fram í skírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

## 9. Ákvörðun bóta

- 9.1 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef:
- 9.1.1 Vinnuvélin verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur ekki borga sig að gera við hana.
  - 9.1.2 Vinnuvélinni er stolið og hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn.
- 9.2 Verði altjón á vinnuvél ræður VÍS hvort það:
- 9.2.1 Greiði verðmæti vinnuvélarinnar gegn afsali.
  - 9.2.2 Greiði mismun á verðmæti vinnuvélar fyrir og eftir tjón.
  - 9.2.3 Útvegi aðra vinnuvél sömu tegundar sem er sambærileg að aldri og gerð. Kjósi VÍS að útvega aðra vinnuvél hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinni skemmdu vinnuvél.
- 9.3 Bætur fyrir tjón að hluta:
- 9.3.1 Skemmist vinnuvélin án þess að skilyrði greina 9.1 – 9.2 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við vinnuvélina að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að hún sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við vinnuvélina.
  - 9.3.2 Verði tjón á hjólbörðum og/eða felgum greiðir VÍS aðeins bætur fyrir þá hjólbarða/felgur sem urðu fyrir tjóni, þó að skipta þurfi um aðra/-r.
  - 9.3.3 VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
  - 9.3.4 VÍS greiðir ekki bætur vegna skemmda sem voru á vinnuvél fyrir tjónsatburð.
  - 9.3.5 Hafi VÍS samþykkt viðgerð á vinnuvél greiðir það flutningskostnað til verkstæðis sem það hefur samþykkt.
  - 9.3.6 VÍS bætir ekki lækkun á markaðsverði vinnuvélarinnar, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

## 10. Framsal

- 10.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**